

Nr. 1/1994.

Laugardaginn 15. janúar 1994.  
**Vinnuveitendasamband Íslands  
 f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf.**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna  
 Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar  
 og til réttargæslu**

(Gestur Jónsson hrl.)

**Alþýðusambandi Íslands f.h.  
 Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis,  
 Landssambands íslenskra verslunarmanna  
 vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur og  
 Verkamannasambands Íslands vegna  
 Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og  
 Verkakvennafélagsins Framsóknar og  
 Verkstjórasambandi Íslands f.h.  
 Verkstjórafélags Reykjavíkur**

(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Félagsdómur. Sératkvæði.

**Úrskurður Félagsdóms.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 14. þ.m. vegna kröfu stefnda um að sá dómenda í Félagsdómi, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 12. janúar 1994.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 mánudaginn 17. janúar 1994 verði dæmd ólögmat.
2. Að stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnda eru:

A. Um skipan dómsins.

Gerð er krafa um að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Fé-

lagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli og í hans stað verði stefnda gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

B. Efniskröfur.

Gerð er krafa um sýknu af kröfum stefnanda. Þess er krafist að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Krafa stefnda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Stefndi byggir á því í þessum þætti málsins að samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eigi aðili að deilu um réttindi eða skyldur rétt til þess að leggja mál sitt fyrir óhlutdrægan, lögmæltan dómstól. Ísland hafi fullgilt sáttmálann og hafi hann í reynd laga-gildi á Íslandi eins og ýmsar úrlausnir Hæstaréttar á síðustu árum beri með sér, svo sem t.d. HRD 1990:2 og 1992:174. Í síðari dómnum hafi settu íslensku lagaákvæði verið vikið til hliðar með tilvísun til e-liðs 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Stefnandi þessa máls sé VSÍ sem tilnefnt hafi einn af fimm dómendum skv. 39. gr. laga 80/1938. Réttargæslustefndi ASÍ hafi tilnefnt dómarann Jón Þorsteinsson hrl. Fyrir liggja í málinu sú afstaða ASÍ að sambandið taki undir sjónarmið og kröfur stefnanda þess efnis að forgangsréttarákvæði kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og VSÍ gildi um þau störf sem unnin séu hjá SVR h/f og að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa aðra starfsmenn í starfi á samningssviði aðildarfélaga ASÍ en þá sem séu félagar í þeim samtökum. Það geti ekki samrýmst reglunni um að aðili dómsmáls eigi rétt á umfjöllun hlutlauss dómstóls að gagnaðilum hans í deilu sé gefinn kostur á því að tilnefna tvo dómendur af fimm, en hann sé án tilnefningarréttar. Til þess að jafnræðis sé gætt með aðilum sé óhjákvæmilegt að sá dómari sem tilnefndur hafi verið af ASÍ víki sæti í málinu og stefnda verði gefinn kostur á að tilnefna einn dómara. Teljist sá kostur ekki tækur verði að krefjast þess að forseti dómsins tilnefni dómara í stað Jóns Þorsteinssonar hrl., með hliðsjón af lagareglunni í 39. gr. 1. 80/1938 i.f.

Á það er bent að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi komist að þeirri niðurstöðu í máli, sem sé efnislega hliðstætt þessu álitaefni, að skipan dómsins samrýmst ekki 6. gr. Mannréttindasáttmálans. Er vísað til dóms frá 22. júní í málinu Langborger gegen Svíþjóð. Dómurinn sé reifaður í bók Vincents Berger sem heitir Case Law, European Court of Human Rights, II. bindi 1988-90. Atvik voru

þau í stuttri endursögn að Langborger var bundinn leigusamningi þar sem leigufjárhæð gat sætt endurskoðun hjá gerðardómi á vegum samtaka leigusala og leigutaka. Leigufjárhæðin var endurskoðuð af gerðardómnum og var Langborger ósáttur við niðurstöðuna. Hann bar niðurstöðuna undir sænskan sérdómstól (leigudómstól). Tveir dómenda voru tilnefndir en hinir voru embættisdómarar. Tilnefndu dómarnir voru annars vegar tilnefndir af samtökum leigusala og hins vegar samtökum leigutaka, þ.e. sömu samtökum og tilnefndu menn í gerðardóminn. Langborger tapaði máli sínu fyrir dómstólnum. Hann kærði málsmeðferðina til Mannréttindadómstóls Evrópu sem komst að þeirri niðurstöðu að skipan dómsins stæðist ekki kröfu 6. gr. sáttmálans um hlutleysi, þar sem ekki væri fyrirfram hægt að útiloka að þau samtök sem tilnefndu dómara hefðu sameiginlegra hagsmuna að gæta af niðurstöðunni.

Stefnandi hafnar kröfu stefnda um það að sá dómenda í Félagsdómi, sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í málinu. Þá kröfu sína rökstyður stefnandi með því að lagaheimild skorti samkvæmt lögum nr. 80/1938 til þess að sú krafa nái fram að ganga. Þá mótmælir stefnandi fordæmisgildi tilvitnaðra dóma af hálfu stefnda og byggir á því að Mannréttindasáttmáli Evrópu hafi ekki lagagildi hér á landi.

Af hálfu réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar í þessum þætti málsins.

#### *Niðurstaða.*

Krafa stefnda um það að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Félagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli, er ekki byggð á því að sá dómari uppfylli eigi almenn eða sérstök hæfisskilyrði. Krafan er á því reist að réttargæslustefndi, Alþýðusamband Íslands, hafi tekið undir sjónarmið stefnanda í málinu, eins og að framan greinir, og séu því í raun tveir dómarar af fimm tilnefndir af gagnaðilum stefnda, en hann sé án tilnefningarréttar. Sé jafnræðis því ekki gætt og með þessari skipan sé því ekki að treysta að málið sé rekið fyrir óhlutdrægum dómstól.

Á það er fallist með stefnda að í málsgögnum komi fram sjónarmið af hálfu réttargæslustefnda, Alþýðusambands Íslands, um þýðingarmikil atriði varðandi sakarefnið, sjónarmið sem eiga samstöðu með viðhorfum stefnanda í málinu. Er þar um að ræða atriði sem varða samningsaðild og forgangsrétt til vinnu og kunna að skipta

máli við efnisúrlausn málsins. Við þessar sérstöku aðstæður er á það fallist með stefnda að ekki sé rétt að dómari sem Alþýðusamband Íslands hefur tilnefnt sitji í dóminum í máli þessu. Telja verður að sú niðurstaða samræmist 39. gr. laga nr. 80/1938, sem skýra ber nú með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því dómara Jóni Þorsteinssyni hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, að víkja sæti í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, og Gunnar Guðmundsson.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Þorsteinsson hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víkur sæti í máli þessu. Forseti Félagsdóms tilnefnir dómara í hans stað.

#### S é r a t k v æ ð i Jóns Þorsteinssonar.

Í 59. gr. stjórnarskrárinnar segir að skipan dómsvaldsins verði eigi ákveðin nema með lögum. Mælt er fyrir um skipan Félagsdóms í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Hvergi í lögum þessum eða öðrum settum lögum er að finna heimild til þess að skipa Félagsdóm með þeim hætti, sem stefndi gerir kröfu til í máli þessu. Því verður að synja kröfu stefnda um að dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti en í hans stað verði stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða að forseti Félagsdóms geri það. Til áréttingar þessari niðurstöðu vísast til úrskurðar Félagsdóms í málinu nr. 2/1939 á bls. 5-6 í 1. bindi dómasafns.